

Fundur í svæðisráði Vatnajökulshjódgarðs – Vestursvæði, haldinn á skrifstofu Vatnajökulshjódgarðs, 12. apríl 2010, klukkan 10.30.

Mættir: Elín Heiða Valsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Leifur Þorsteinsson, Ólafía Jakobsdóttir, og Sigurður Skúlason. Erla Ívarsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Eiríksdóttir, Kári Kristjánsson og Snorri Baldursson, Einnig Árni Geirsson og Halldóra Hreggviðsdóttir frá Alta ráðgjafafyrirtæki.

Fundargerð ritaði Eydís Þ. Indriðadóttir.

1. Kynning á samvinnuvef Vatnajökulshjódgarðs og Alta ráðgjafajónustu. Vefurinn í heild kynntur og uppbygging hans. Síðan farið sérstaklega í kaflana sem tilheyra Vestursvæðinu. Svæðisráðið hvatt til þess að lesa upplýsingar á vefnum vel yfir nú í vikunni og koma með síðustu ábendingar áður en plaggið verður sent sveitarstjórnnum til kynningar, og umsagnar í apríl. Athugasemdir berist til, formanns svæðisráðsins, Elínar Heiðu Valsdóttur, sem er fulltrúi Vestursvæðis í stjórn Vatnajökulshjódgarðs. Stjórn hjódgarðsins þarf að ganga frá áætluninni til auglýsingar fyrir lok aprílmánaðar. Frestur almennings til þess að gera athugasemdir við áætlunina verður því liðinn um miðjan júní.

Stefnt er að því að verndaráætlunin taki gildi í lok júní.

Halldóra og Árni yfirgefa fundinn.

2. **Fundargerð síðasta fundar yfirfarin.**

Ábending um að leiðina frá Sprengisandsleið að Svarthöfða, meðfram Hágöngulóni, vanti í tillögu um opna vegi innan hjódgarðsmarka á Holtamannaafretti.

3. **Sumarstarfið á Vestursvæði**

Kári Kristjánsson verður með starfstöð í Blágiljum og búið er að ganga frá ráðningu á landvörðum í Nýjadal og Hólaskjóli. Verið er að ganga frá ráðningu á landverði í Hrauneyjum. Landvörðum hefur því fjölgað um einn frá s.l. ári. Farið yfir verkáætlun starfsmanna Vestursvæðis fyrir sumarið 2010 og áherslur varðandi kortagerð og merkingar og aðra uppbyggingu á svæðinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 12.50.